

Þjálfaranámskeið FSÍ Þjálfari 3A - Egilsstaðir

14. apríl verður haldið Þjálfaranámskeið 3A á vegum Fimleikasambandsins, námskeiðið fer fram á Egilsstöðum.

- **Fyrirlestrar í Canvas:**
 - Siðfræði og samskipti
 - Að vera með aðstoðarþjálfara
 - Aflfræði
 - Keppnisundirbúningur
 - Meiðsli og forvarnir
- **Verklegir tímar:** Siðfræði og samskipti, trampólín og dýna

Það er mjög mikilvægt að vera búin að horfa á fyrirlestrana áður en mætt er í verklega tíma, Canvas opnar 5. apríl.

Kennari á námskeiðinu er Kristinn Þór Guðlaugsson.

Skráning er opin í þjónustugátt FSÍ til 4. apríl, skráning lokar kl.23:59 þann dag.

Lágmarks skráning er 8 manns.

Námskeiðsgjald er 23.000 kr. fyrir þjálfara með gilt leyfi í leyfiskerfi FSÍ 2023, 27.000 kr. fyrir þjálfara utan kerfis/ekki með gilt leyfi.

Fyrir hönd fimleikasambandsins,
Helga Svana Ólafsdóttir.